

þeirra skyldna, sem lög nr. 22/1956 og reglug. nr. 245/1963 leggja honum sem vinnuveitanda á herðar. Hann tilkynnti eigi til gerðarbeiðanda þennan starfsmann, lét gerðarbeiðanda eigi í té upplýsingar um kaup þjónsins mánaðarlega og hélt eigi eftir af kaupum hans skv. kröfubréfi gerðarbeiðanda á rskj. nr. 7, en allt þetta bar gerðarþola að gera. Hefði gerðarþoli hins vegar gætt þessara skyldna sinna, hefði gerðarþoli að loknum starfstíma þjónsins verið búinn að innheimta hjá honum það, sem svarar allri álagningunni og vel það. Þeirri fjárhæð var gerðarþoli ábyrgur fyrir gagnvart gerðarbeiðanda að álitum réttarins. Upp í hin álögdðu gjöld, sem námu kr. 17.025.00, hafa verið greiddar kr. 4.000.00, og standa því eftir kr. 13.025.00, sem rétturinn telur samkvæmt framansögðu, að gerðarþoli sé ábyrgur fyrir og beri að standa gerðarbeiðanda skil á.

Samkvæmt þessu þykir verða að leyfa framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 12. apríl 1967.

Nr. 254/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Kristjáni Rósant Þorvarðssyni

(Guðmundur Pétursson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Slökkvibifreið. Banaslys. Skaðabótamál. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Lögð var fram í héraði tilkynning slökkviliðsstjórans í Reykjavík nr. 1/1965 um akstursreglur fyrir slökkvi- og

sjúkrabifreiðar. Ákærði kveðst hafa þekkt reglur þessar, sem, að því er máli skiptir, eru í samræmi við lög og hljóða svo:

„Slökkvi- og sjúkrabifreiðar skulu aldrei aka hraðar en almennar umferðarreglur gera ráð fyrir, nema brýna nauðsyn beri til vegna skyldustarfa.

Ef vikið er frá almennum reglum, skal eftirfarandi atriða gætt:

1. Forgangsréttur samkvæmt umferðarlögum gildir aðeins:

a) Þegar ökumaður slökkvi- eða sjúkrabifreiðar gefur ljós- og hljóðmerki.

b) Þegar sérstakrar varúðar er gætt við akstur.

2. Forgangsrétti er eingöngu heimilt að beita við akstur að brunastað eða ef nauðsyn krefur í öðrum tilvikum við slökkvi-störf. Sama gildir um akstur á slysastað eða ef hraða verður flutningi sjúklings.

3. Við annan akstur, svo sem frá brunastað að afloknu slökkvistarfi og við sjúkraflutning, sem ekki krefst mikils ökuhraða, skal farið eftir almennum umferðarreglum. Er þá óheimilt að nota hin sérstöku ljós- og hljóðmerki nema með leyfi varðstjóra í hvert sinn.

4. Ökumaður skal ávallt fara eftir ábendingum lögreglunnar, þar sem hún stjórnar umferð á leið hans.

5. Við hraðan akstur svo og ef forgangsrétti er beitt skal gæta fyllstu varúðar og hægja sérstaklega á ferð við gatnamót, þar sem umferðarljós bjóða almenna stöðvunarskyldu“.

Að öðru leyti eru sakaratriði og sakargögn skilmerkilega rakin í héraðsdómi.

Eins og í héraðsdómi greinir, ók ákærði slökkvibifreiðinni inn á gatnamót Hverfisgötu og Snorrabrautar gegnt rauðu umferðarljósi. Þetta var ákærða því aðeins heimilt, að hann gætti „sérstakrar varúðar“, sbr. 2. mgr. 38. gr. umferðarlaga nr. 26/1958. Af skýrslum vitna og hemlaförum eftir slökkvibifreiðina á vettvangi er ljóst, að ákærði hefur ekið óhæfilega hratt, er hann ók inn á gatnamótin, og eigi dregið úr hraða bifreiðarinnar, svo sem honum bar. Hefur ákærði með þessu sýnt af sér stórfellt gáleysi við aksturinn umrætt

sinn, og varðar háttsemi hans við lagaboð þau, er í ákæru og héraðsdómi greinir.

Þegar ákveðin eru viðurlög á hendur ákærða, ber til þess að líta, að hann hugðist samkvæmt starfskyldu sinni hraða sér á vettvang, þar sem hann taldi mannlíf í hættu vegna eldsvoða.

Samkvæmt því, sem nú var rakið, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin varðhald 4 mánuði, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940 haldið. Þá ber og samkvæmt 81. gr. laga nr. 28/1958 að svipta ákærða ökuleyfi 12 mánuði alls.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað staðfestast.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 12.000.00, og málf lutningslaun verjanda síns, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Rósant Þorvarðsson, sæti varðhaldi 4 mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940.

Ákærði sviptur ökuleyfi 12 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Gizurar Bergsteinssonar hæstaréttardómara.
Málsatvikum er skilmerkilega lýst í héraðsdómi.

Ákærði var að sinna brunakalli hinn 28. október 1965 um kl. 2240 og ók slökkvibifreiðinni SR 5 austur Hverfisgötu. Hann ók að vætti vitna bifreiðinni á mikilli ferð inn á gatnamót Hverfisgötu og Snorrabrautar á mótinu rauðu umferðarljósi, þótt hann gæti eigi, áður en hann kom að nefndum gatnamótum, vegna húss, sem á milli ber, séð til bifreiða, sem óku norður Snorrabraut að gatnamótunum. Í sömu andrá ók Katrín heitin Óladóttir, sem heldur ekki gat séð til ferða slökkvibifreiðarinnar fyrr en á gatnamótunum, bifreiðinni R 9497 eftir Snorrabraut frá suðri, að vætti vitna, á eigi óhæfilegum hraða og inn á tóð gatnamót á mótinu grænu ljósi. Virðist hún ekki hafa heyrt viðvörunarhljóð slökkvibifreiðarinnar, enda voru gluggar bifreiðarinnar R 9497 lokaðir. Varð þarna geysiharður árekstur milli bifreiðanna. Þeyttist R 9497 frá slökkvibifreiðinni og rann í boga suður af gatnamótunum. Þau Katrín heitin Óladóttir og eiginnmaður hennar, Árni Garðar Kristinsson, sem var farþegi í bifreiðinni R 9497, köstuðust út úr bifreiðinni og lágu í blóði sínu á götunni. Lét Katrín heitin Óladóttir líf sitt af áverkum þeim, sem hún hlaut, en Árni Garðar Kristinsson lemstráðist. Það verður að telja það stórkostlegt gáleysi af hendi ákærða að aka á mikilli ferð inn á nefnd gatnamót fyrir „blint horn“ á mótinu rauðu ljósi, þar sem hann átti að gera ráð fyrir því, að stjórnendur bifreiða, sem kynnu að vera í hvarfi á Snorrabrautinni, tækju eigi eftir viðvörunarhljóðinu og ækju inn á gatnamótin á mótinu grænu ljósi, svo sem og raunin varð. Atferli ákærða, sem alls eigi verður réttlætt af brunakallinu, varðar við þau refsíákvæði, sem í ákæruskjali greinir. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald 5 mánuði.

Samkvæmt 1. og 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um málskostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 12.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Rósant Þorvarðsson, sæti varðhaldi 5 mánuði.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 12.000.00, og laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Péturssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 12.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 22. apríl 1966.

Ár 1966, föstudaginn 22. apríl, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 285/1966: Ákærvaldið gegn Kristjáni Rósant Þorvarðssyni, sem tekið var til dóms 15. þ. m.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 4. janúar 1966, höfðað á hendur Kristjáni Rósant Þorvarðssyni brunaverði, Hólmgarði 27 í Reykjavík, fæddum 30. janúar 1922 í Hafnarfirði, fyrir að hafa fimmtudaginn 28. október 1965 um klukkan 2240 ekið slökkviliðsbifreiðinni SR 5 til austurs gegnt rauðu umferðarljósi á mótum Hverfisgötu og Snorrabrautar, of hratt miðað við aðstæður og án þess að gæta sérstakrar varúðar með þeim afleiðingum, að fyrir slökkvibifreiðinni varð bifreiðin R 9497, sem ekið var yfir gatnamótin til norðurs móti grænu ljósi, en við áreksturinn slasaðist ökumaður síðarnefndu bifreiðarinnar, Katrín Óladóttir, Selvogsgrunni 7 í Reykjavík, svo, að hún andaðist nokkrum stundum síðar af völdum meiðsla, og maður hennar, sem var farþegi í bifreiðinni, Árni Garðar Kristinsson auglýsingastjóri, hlaut skurð á höfuð, mar á handlegg, brjóst, mjaðmir og fætur auk smærri áverka.

Telst þetta varða við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1. og 2. mgr. 26. gr., 1. mgr. 37. gr., 2. mgr., sbr. 1. mgr. 38. gr. og 49. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Sakavottorð ákærða hljóðar svo:

- 1941 20/3 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 1. tl. 7. gr. reglugerðar nr. 72/1937.
- 1943 7/9 í Reykjavík: Sátt, 100 kr. sekt fyrir óvarkárni í bifreiðarakstri.
- 1954 24/5 í Reykjavík: Sátt, 30 kr. sekt fyrir brot á 30. gr. lög-
reglusamþykktar.

Málavextir eru þessir:

Fimmtudagskvöldið 28. október 1965 var Sigurður Sigurgeirsson lögreglumaður á ferð í lögreglubifreiðinni R 2008 um Snorrabraut hér í borg. Klukkan 2242 tilkynnti hann um talstöð bifreiðarinnar, að árekstur hefði í sömu andrá orðið á mótum Hverfisgötu og Snorrabrautar. Kom fjöldi lögreglumanna fljótlega á slysstað, en þar höfðu tvær bifreiðar rekizt á, slökkvibifreiðin SR 5, sem ákærði ók austur nyrðri akrein Hverfisgötu, og fólksbifreiðin R 9497, sem frú Katrín Óladóttir ók norður vestari akrein Snorrabrautar. Slökkvibifreiðin rann áfram í hemlum austur Hverfisgötu, og mældust hemlaför hennar um 18 metrar. Í bifreiðinni var auk ákærða vitnið Ármann Pétursson, og slösuðust hvorugur þeirra. Við áreksturinn virðist R 9497 hafa lent á hægri hlið slökkvibifreiðarinnar framarlega, snúizt til austurs og síðan til suðurs inn á eystri akbraut Snorrabrautar, þar sem hún stöðvaðist á kyrrstæðri bifreið, R 9032. Við hlið stjórnanda sat eiginmaður hennar, Árni Garðar Kristinsson auglýsingastjóri. Köstuðust þau hjónin úr bifreiðinni og lágu langs eftir miðri akbraut Snorrabrautar með höfuðin í austur, er lögreglan kom að. Var konan um 50 cm sunnar og um 20 cm austar en maðurinn. Bæði voru meðvitundarlaus og lágu blóðtaumar frá höfðum þeirra. Sjúkrabifreiðar komu mjög fljótlega á staðinn og fluttu hjónin á slysavarðstofuna. Sjáanlegar skemmdir á bifreiðunum voru þær, að hægri fram- og gangbretti SR 5 voru töluvert dælduð, en framendi R 9497 var allur meira og minna dældaður sem og vinstri hlið. Litlu eftir áreksturinn reyndi Bifreiðaeftirlitið bifreiðarnar í akstri. Virtist því R 9497, sem er Volkswagenbifreið, árgerð 1965, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabún-
aði, hafa verið í fullkomnu lagi fyrir áreksturinn. Í skýrslu Bifreiðaeftirlits um slökkvibifreiðina SR 5 segir svo m. a.: „... Við skoðun og reynslu í akstri á slysstað kom í ljós, er hemlað var

á 30 km hraða skv. hraðamæli bifreiðarinnar, að hemlaför voru ca. 6 metrar, tók lítils háttar í stýri til hægri. Benzíngjöf stóð á sér, er henni var sleppt (kom ekki vel til baka). Við nánari athugun kom í ljós, að millibilsstöng milli framhjóla var bogin, og virtist hún hafa verið það fyrir slysið, þar sem hjólbarðar framhjóla voru misslitnir og ekki sjáanleg merki þess á millibilsstöng, að hún hafi bognað nýlega. Í bifreiðinni eru tveir rofar fyrir hljóðmerki (sírenur), annar í miðju stýrishjóls fyrir ökumann og hinn í gólfi hægra megin fyrir aðstoðarmann. Hljóð- og aðvör-unarmerki (rautt leiftrandi ljós) voru í lagi. Hjólbarðar á afturhjólum voru lítið slitnir og ínegldir stálnöglum. Bifreiðin SR 5 er Mack, árgerð 1941, með vinstri hliðar stýri og vökvahemlabúnaði . . .“. Á stiga, sem festur var á hægri hlið slökkvibifreiðarinnar, fundust síðar háir, sem talin voru af höfði stjórnanda R 9497. Samkvæmt skýrslu lögreglu var yfirborð vegar á vettvangi fast, slétt og malbikað, myrkur var á, en rafmagnslýsing góð og færið þurrt. Samkvæmt vottorði veðurstofu var klukkan 2300 ASA 3 vindstig, léttskýjað og skyggni 50—55 km.

Lögreglan hafði þegar á slysstað tal af ákærða, sem kvaðst hafa verið á leið á brunastað, ekið fremur greitt, en ekki geta gert sér grein fyrir hraðanum í km. Þegar hann nálgadist mót Snorrabrautar, sá hann, að rautt ljós var fyrir umferð um Hverfisgötu og dró þá úr hraða bifreiðarinnar. Þegar ákærði var kominn fast að Snorrabraut, sagðist hann hafa séð bifreið, sem ekið var norður þá götu, og í fyrstu talið, að sú bifreið mundi nema staðar við Hverfisgötu, en er svo varð ekki, hefði hann þegar hemlað. Taldi ákærði, að R 9497 hefði verið ekið með miklum hraða inn á gatnamótin, en ekki gat hann sagt til um, hvort bifreiðinni var ekið á vinstri eða hægri akrein.

Samkvæmt skýrslum lögreglu og slökkviliðs barst brunakall frá Hátúni 6 umrætt kvöld klukkan 2240 þess efnis, að reyk legði úr íbúð í húsinu og fólk væri sennilega þar inni. Brotizt var inn í íbúðina, var þar straumur á einni eldavélarhellu og brunninn leppur, sem á henni lá. Maður og kona sváfu ölvunar-svefni í íbúðinni, og sakaði þau ekki.

Hjónin Katrín Óladóttir og Árni Garðar Kristinsson voru flutt á Slysavarðstofuna í Reykjavík. Í vottorði hennar segir m. a. svo um Árna Garðar Kristinsson: „ . . . Við áreksturinn kastaðist Árni Garðar út úr bifreiðinni og mun hafa fengið aðalhöggið á höfuðið. Ekki taldi Árni Garðar sig hafa misst meðvitund við áreksturinn. Og við komuna hingað er Árni skýr og man atvik

slyssins. Ekki hafði hann uppköst né ógleði né önnur einkenni um heilahristing. Skoðun: Á vinstra gagnauga, aftur eftir höfðinu vinstra megin, er ca. 17 cm langur skurður. Hefur húð og undirhúð fletzt frá höfuðkúpu á breiðu svæði (descalperast). Mikið blæðir úr sárinu. Við rannsókn á sárbotni sást ekki brot á höfuðkúpu. Um miðjan vinstri framhandlegg, handarbaksmegin, var mar og hrúfl og áberandi eymsli við hreyfingar og þreifingu. Rtg.mynd var tekin af vinstri framhandlegg, en ekki sýndi hún einkenni um brot. Gert var að sárum Árna Garðars á Slysavarðstofunni. Blæðing var stöðvuð og hið mikla sár á höfði saumað saman. Gefið var antibiotica. Var Árni Garðar lagður inn hér á Slysavarðstofuna til eftirlits . . .“.

Frú Katrín Óladóttir, sem fædd var hinn 12. apríl 1926, var af slysavarðstofu flutt á Landakotsspítala. Þegar hún kom á spítalann, var hún í djúpu meðvitundarleysi, komst ekki til meðvitundar og smá dró af henni, unz hún andaðist klukkan rúmlega 0500 að morgni þess 29. október s.l. Lík hennar var krufið daginn eftir af dr. med. Ólafi Bjarnasyni yfirlækni. Segir í krufningar-skýrslunni m. a.: „ . . . Hárið hefur verið rakað af höfðinu aftanverðu lateralt. Þar er 6 cm langur skurður í höfuðsverðinum með tættum börmum, en tekinn saman með fjórum stökum silki-saumum. Í andlitinu eru hrúfl í húðinni ofan við v. augabrún og neðan við v. auga. Einnig er hrúfl á efra augnloki v. auga og blámi þar í kring. Hrúfl þessi eru 3—5 cm á lengd og 1—2.5 cm á breidd. Þau eru grunn, rauðgulbrúnleit og húðin skorpin. Sams konar hrúfl sést niður eftir mest öllu nefinu og á 2×0.5 cm bletti á efri vör. Einnig á gómstórum bletti ofanvert á h. kinn. Ofan á v. öxl er lófastórt mar í húðinni. Marblettir og dreifið hrúfl eru á handarbökum beggja handa. Loks sjást rauðblá hrúfl á báðum hnjám og á meira en lófastóru svæði á v. rist. Önnur áverkamerki sjást ekki við ytri skoðun á líkinu. Ályktun: Við krufninguna fannst, að höfuðkúpan var brotin og hafði blætt milli heilabasts og heilayfirborðs. Auk þess fundust útbreiddar punktblæðingar í heilanum sjálfum ásamt miklum bjúg. Loks voru öll rifin brotin vinstra megin og sum tvíbrotin, en hægra megin voru sex rif brotin. Út frá þessum brotum voru blæðingar í mjúka vefi og í brjósthól vinstra megin. Ofangreindir áverkar hafa orðið konunni að bana . . .“.

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá atvikum málsins, að hann hafi verið á leið á brunastað og ekið Hverfisgötu, þar sem umferðarstöðvun var á Kalkofnsvegi. Áður en hann lagði af stað

frá slökkvistöðinni, hafði honum verið sagt, að reykur væri í herbergi að Hátúni 6, óttazt væri um, að fólk væri þar innilokað, og taldi ákærði, að um lífshættu hefði getað verið að ræða. Ákærði vissi ekki, hver hraði slökkvibifreiðarinnar var, er hún nálgast gatnamótin, en hann kvaðst hafa dregið úr hraða hennar, bæði með því að skipta úr fjórða í þriðja ganghraðastig og tylla læti á hemlafetil, enda rautt ljós verið fyrir umferð um Hverfisgötu, og taldi hann, að hraði slökkvibifreiðarinnar hefði í mesta lagi verið 30—40 km miðað við klukkustund, þá er árekstur varð. Rautt ljós var stöðugt tendrað á slökkvibifreiðinni og sífellt gefin sírenuhljóð, en ákærði gat ekki um hæð þeirra borið, er að gatnamótunum kom. Ákærði sagðist ekki hafa séð bifreiðina R 9497, fyrr en rétt áður en árekstur varð. Hann gat ekki borið um, á hvorri akrein henni var ekið né hraða hennar, en honum fannst hana bera hratt að. Ákærði kvaðst hafa beitt fullu átaki á fót-hemla, um leið og hann sá R 9497, bifreið hans hefði kastast eitthvað til norðurs við áreksturinn, en ekki vissi hann, hvað um hina bifreiðina varð. Hjá rannsóknarlögreglu hafði ákærði skýrt svo frá, að hann hefði ógreinilega séð til bifreiðarinnar R 9497 og áreksturinn orðið, um leið og hann hemlaði.

Vitnið Ármann Pétursson brunavörður sat í framsæti slökkvibifreiðarinnar við hlið ákærða. Sagði vitnið, að bifreiðinni hefði verið ekið eftir nyrðri akrein, er að gatnamótum Hverfisgötu og Snorrabrautar kom, og rautt ljós stöðugt verið tendrað á bifreiðinni. Vitnið kvaðst hafa stjórnað hljóðmerkjagjöf með því að stíga á takka í gólfi bifreiðarinnar á nokkurra sekúndna millibili, allt upp í eina mínútu. Kemst hljóðið þá í hámark, en lækkar án þess þó að hverfa alveg, þegar stigið er af takkanum. Ekki gat vitnið borið um, hvort hljóðið hefði verið í hámarki, þá er ekið var út í gatnamótin. Vitnið leit ekki á hraðamæli slökkvibifreiðarinnar, en gizkaði á, að hraði hennar hefði verið á milli 40—50 km miðað við klukkustund, er að gatnamótunum kom, en vitnið sagði, að ákærði hefði dregið úr hraða bifreiðarinnar á móts við hús nr. 103 við Hverfisgötu, enda benti vitnið honum á, að komin væru rauð ljós á gatnamótunum. Ekki vissi vitnið, hvernig dregið var úr hraða bifreiðarinnar, hvort ákærði steig af benzínjölf, beitti hemlum eða skipti um ganghraðastig. Vitnið kvaðst ekki hafa orðið vart við bifreiðina R 9497, sem ekið var norður vestari akrein Snorrabrautar, fyrr en rétt í því að áreksturinn varð, og gat ekkert um hraða þeirrar bifreiðar borið. Sagði vitnið, að ákærði hefði beitt fullu átaki á hemla, um leið og vitnið kallaði

upp og varaði hann við bifreiðinni og hefði það verið, um leið og áreksturinn varð.

Vitnið Guðmundur Grétar Bjarnason bifvélavirkjanemi var stutt í bifreið skammt vestan umræddra gatnamóta. Taldi vitnið, að slökkvibifreiðinni hefði verið ekið á um 60—70 km hraða, er að gatnamótunum kom, og sá vitnið ekki, að dregið væri úr hraða bifreiðarinnar, og sérstaklega aðspurt sá það ekki hemlaljós kvikna, fyrr en rétt um leið og áreksturinn varð. Vitnið gat ekki borið um hæð sírenuhljóðsins. Vitninu fannst bifreiðinni R 9497 ekki ekið óeðlilega hratt um gatnamótin, en henni var ekið hiklaust áfram á um 40 km hraða, að því er vitnið gízkaði á.

Vitnið Sverrir Sigurður Eyjólfsson verzlunarmaður var í fram-sæti bifreiðarinnar T 210, um 30—40 metra vestan gatnamótanna, er slysið varð. Vitninu fannst nokkuð mikil ferð á slökkvibifreiðinni með tilliti til þess, að blindhorn var til hægri og rautt ljós tendrað gegnt ökumanni. Vitninu virtist aðeins dregið úr hraða slökkvibifreiðarinnar við gatnamótin, sá þó ekki kvikna hemlaljós á henni, og taldi hraða hennar hafa verið þá um 50—60 km miðað við klukkustund. Vitnið sagði, að raut blikkljós hefði verið tendrað á bifreiðinni og hún gefið frá sér sírenuhljóð, en vitnið gat ekki borið um hæð hljóðsins, þá er að gatnamótunum kom. Vitnið gízkaði á, að bifreiðinni R 9497 hefði verið ekið á 35 km hraða miðað við klukkustund og sagði, að henni hefði verið ekið hiklaust áfram, þar til hún lenti framan á hægri hlið slökkvibifreiðarinnar.

Vitnið Jón Hilmar Þórarinsson leigubifreiðarstjóri bar, að rautt blikkandi ljós hefði verið á slökkvibifreiðinni og sírenan verið á hæstum tón, er hún ók fram hjá bifreið þess á móts við Barónsstíg, en vitnið gat ekki borið um hljóðið, þá er slökkvibifreiðin ók inn á gatnamótin. Vitnið gat ekki sagt um, hvort dregið væri úr hraða slökkvibifreiðarinnar fyrir árekstur, sá ekki hemlaljós kvikna á henni, fyrr en hún kom að gatnamótunum, og taldi vitnið hraða hennar þá hafa verið um 50 km miðað við klukkustund. Vitnið sá ekki bifreiðina R 9497, fyrr en rétt í sömu mund og árekstur varð, og gat því ekki um hraða hennar borið.

Vitnið Benedikt Bjarni Sigurðsson verkfræðingur var á skrifstofu sinni að Hverfisgötu 106. Fylgdist vitnið með för slökkvibifreiðarinnar og kvaðst hafa verið að hugleiða, hvað af því kynni að hljótast, ef bifreiðinni væri ekið á óbreyttum hraða yfir gatnamótin gegnt rauðum umferðarljósum. Ekki sá vitnið, að

dregið væri úr hraða, en vitnið taldi hann hafa verið 60—70 km miðað við klukkustund. Vitnið sagði, að rautt blikkandi ljós hefði verið á slökkvibifreiðinni og látið hátt í sírenu hennar við gatnamótin. Vitnið taldi, að bifreiðinni R 9497 hefði verið ekið á um 35 km hraða og fannst henni aðeins sveigt til austurs, rétt áður en áreksturinn varð.

Vitnið Þráinn Tryggvason nemandi var stadd í bifreiðinni R 11131 á eystri akrein vestari akbrautar Snorrabrautar. Hafði um hríð verið grænt ljós á götuvitanum gegnt Snorrabraut, sem leyfði akstur norður götuna, en grænt ljós var enn ekki kviknað, sem leyfir akstur úr Snorrabraut austur Hverfisgötu. Vitnið heyrði í sírenu slökkviliðsins, en sagði, að ekki hefði verið auðvelt að átta sig á, hvaðan það hljóð kom eða hversu nálægt það var. Rúða í bifreið vitnisins var opin að nokkru. Bifreiðinni R 9497 var ekið norður vestari akrein hiklaust í átt yfir götuna á um 30—35 km hraða. Rúður bifreiðarinnar R 9497 voru lokaðar. Í sömu mund kom slökkvibifreiðin austur nyrðri akrein Hverfisgötu á um 60—70 km hraða miðað við klukkustund. Vitnið gat ekki borið um, hvort dregið væri úr hraða hennar fyrir árekstur, en sagði, að henni hefði verið hemlað, um leið og áreksturinn varð. En við hann snerist bifreiðin R 9497 í átt til suðurs, og hjónin, sem í henni voru, köstuðust út úr henni vinstra megin, konan fyrst og maðurinn strax á eftir.

Vitnið Árni Garðar Kristinsson auglýsingastjóri, eiginmaður hinnar látnu konu, kvað hana hafa ekið mjög gætilega og hægt að gatnamótunum og hiklaust inn á þau, enda grænt umferðarljós gegnt þeim og förinni heitið norður yfir gatnamótin. Varð vitnið þess í engu vart, að hún hefði haft veður af slökkvibifreiðinni, og sjálft vissi vitnið ekkert af henni, fyrr en í sömu mund og áreksturur varð, og heyrði engin hljóðmerki. Vitnið taldi, að rúður bifreiðarinnar hefðu verið lokaðar, þau hjónin voru ekki að tala saman, og útvarp var ekki í bifreiðinni.

Vitnið Sigurður Már Austmar Sigurgeirsson lögreglumaður kvaðst hafa ekið lögreglubifreiðinni R 2008 rétt á eftir bifreiðinni R 9497 norður vestari akrein vestari akbrautar Snorrabrautar, er að gatnamótum Hverfisgötu kom. Var bifreiðinni þá ekið með um 35 km hraða miðað við klukkustund, og var grænt ljós á götuvitanum gegnt Snorrabraut, en umferð enn ekki leyfð af Snorrabraut og austur Hverfisgötu. Bifreiðinni R 9497 var ekið hiklaust í átt yfir gatnamótin, en í því kom slökkvibifreiðin

austur Hverfisgötu á um 60 km hraða miðað við klukkustund. Vitnið kvaðst hafa heyrt hljóðmerki frá slökkvibifreiðinni, rétt áður en hún kom á gatnamótin og aftur, er bifreiðin ók inn á þau. Rautt blikkandi ljós var tendrað á slökkvibifreiðinni. Vitnið varð þess ekki vart á akstri bifreiðarinnar R 9497, að stjórnandi hennar hefði veitt slökkvibifreiðinni athygli. Sagði vitnið, að rúða í bifreið þess hefði verið opin, en rúður bifreiðarinnar R 9497 lokaðar. Vitnið kvað bifreiðina R 9497 hafa lent á slökkvibifreiðinni framanverðri, snúizt við það til austurs og horizt smáspöl með slökkvibifreiðinni, en kastast síðan frá henni aftur til suðurs. Ekki sá vitnið þá, sem í bifreiðinni voru, falla úr henni, en þau lágu bæði á Hverfisgötunni eftir áreksturinn, og sneru höfuð þeirra í austur, konan um einu feti fyrir norðan manninn.

Svo sem málum hefur verið lýst hér að framan, verður að telja, að ákærði hafi ekki sýnt fyllstu aðgæzlu við akstur greint sinn. Hraði bifreiðarinnar var of mikill, þá er haft er í huga, að ekið er að kvöldlagi um fjölfarin gatnamót gegnt rauðu umferðarljósi og það enda þótt ákærði æki með logboðnum ljós- og hljóðmerkjum slökkvibifreiða. Blint horn var ákærða á hægri hönd, og bar honum sérstaklega að fylgjast með umferð, er þaðan kynni að koma norður Snorrabraut, en hann veitir bifreiðinni R 9497 ekki athygli, fyrr en í sömu mund og áreksturinn verður, og veit ekki á hvorri akreininni henni er ekið. Á hinn bóginn verður mjög til þess að líta, að ákærði var að sinna skyldustörfum og mátti ætla, að mannlíf væru í bráðri hættu, þótt honum væri að visu kunnugt, að þrjár hjálparbifreiðar voru komnar nær brunastað en bifreið sú, er hann ók. Háttsemi ákærða er rétt lýst í ákærðu og varðar við lagaákvæði þau, sem þar greinir. Er refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin varðhald 30 dagar, en fresta þykir mega fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún falli niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almenra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Smkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 þykir verða að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Kristján Rósant Þorvarðsson, sæti varðhaldi 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingar, og fellur hún niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarn-arlaun Jóns E. Ragnarssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, kr. 4.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. apríl 1967.

Nr. 51/1967.

Ákæruvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jóni Árnasyni

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 6.000.00, og málf lutningslaun verjanda síns, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Árnason, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr.